

Embætti landlæknis eftir sameiningu

**Geir
Gunnlaugsson**
landlæknir
geir@landlaeknir.is



Nú í maí er eitt ár liðið frá því breytt lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 tóku gildi. Við gildistökuna sameinaðist starfsemi landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar í Embætti landlæknis. Hugmyndir um að sameina þessar stofnanir höfðu lengi verið til umræðu en formleg vinna við sameiningu hófst í mars 2010, réttum 250 árum frá skipan fyrsta landlæknisins.

Sú sameining sem nú liggur fyrir hefur verið mikilvægur hvati til að ræða og kryfja starf embættisins á grunni laga og reglugerða um markmið og meginhlutverk þess. Nýtt skipurit hvílir á fjórum faglegum stöðum sem eru studdar af stoðsviði og skrifstofu landlæknis sem samhæfir starf þess. Nú starfa 62 starfsmenn í um 53 stöðugildum við embættið.

Svið áhrifaþátta heilbrigðis vinnur að heilsuefandi samfélagi sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan landsmanna. Forvarnarsarf sem snertir langvinna sjúkdóma og áhrifaþætti þeirra er eitt helsta viðfangsefni heilbrigðisþjónustu um allan heim. Mikilvæg verkefni snerta því meðal annars lifnaðarhætti, áfengis- og tóbaksvarnir og geðheilbrigði. Sviðið vinnur að þessu með almennum aðgerðum, með því að þróa og styðja við þverfagleg verkefni eins og heilsuefandi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Umsýsla með lýðheilsusjóðnum, arftaka forvarnarsjóðsins, er meðal verkefna sviðsins og styrkveitingar til fjölbreyttra forvarna- og heilsuefingarverkefna og rannsókna.

Svið sóttvarna vinnur í samræmi við sérstök sóttvarnalög og Alþjóðaheilbrigðisreglugerðina. Þó sjúkdómsbyrði sóttvarna

hafi hlutfallslega minnkað á síðustu áratugum í hátekkjulöndum, einkum vegna bólusetninga og virkra sýklalyfja, má aldrei slá slöku við. Brestur í sóttvörnum getur haft alvarlegar afleiðingar og er kostnaðarsamur, bæði fyrir einstaklinga og samfélag. Vöktun og greining sviðsins felst í því að fylgjast með hættulegum sjúkdómum og atburðum sem geta haft alvarleg áhrif á líf og heilsu manna. Spítalasykingar eru vaxandi vandamál fyrir sjúklinga og afar kostnaðarsamar fyrir heilbrigðisþjónustuna og við þeim þarf að bregðast. Bólusetningar eru mikilvæg fyrsta stigs forvörn og skipulag og framkvæmd þeirra er meðal verkefna sóttvarnasviðs ásamt eftirfylgd með sýklalyfjaónæmi, kynsjúkdómum og HIV-smiti. Viðbragðsáætlanir við óvæntri heilsuvá falla einnig eðlilega að sóttvarnaverkefnum, eins og reynsla af nýlegum eldgosum og viðbrögð við útblæstri eiturefna ber vitni um.

Svið eftirlits og gæða vinnur að því að efla gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustunni. Helstu áherslur sviðsins varða eftirlit með og úttektir á heilbrigðisþjónustunni, öryggi og gæðaþróun og úrvinnsla kvartana. Unnar eru faglegar kröfur, gæðavísar og önnur viðmið um framkvæmd heilbrigðisþjónustu í samstarfi við fagfólk og stjórnvöld. Eftirlitið varðar allar rekstrar- einingar heilbrigðisþjónustunnar sem eru um 2000 talsins, þar af um 400 á ábyrgð lækna í sjálfstæðum rekstri. Lyfjaeftirlit embættisins fellur undir þetta svið og hefur að markmiði að styðja við hagkvæma lyfjanotkun og koma í veg fyrir misnotkun. Allar kvartanir eru skoðaðar í þverfaglegum hópi starfsfólks og krufið er til mergjar hvort mistök, vanræksla eða ótilhlýðileg framkoma heilbrigðisstarfsfólks hafi átt sér stað. Niðurstaða slíkrar greiningar getur eðli málsins samkvæmt ekki alltaf hugnast öllum málsaðilum.

Svið heilbrigðisupplýsinga vinnur að því að safna, greina og túlka gögn um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, miðla upplýsingum úr gagnasöfnum embættisins og stundar lýðheilsurannsóknir. Helstu áherslur sviðsins varða vinnu við þær 14 heilbrigðisráð

sem embættinu ber að halda, lögum samkvæmt, og styðja samræmda skráningu í heilbrigðisþjónustu sem nýtist sem efni viður í heilbrigðisskrár. Opnun á rafrænar gagnasendingar í rauntíma og aðgangur að gagnvirkum upplýsingum í vöruhúsi gagna eru meðal verkefna sviðsins. Þróun rafrænnar sjúkraskrár á landsvísu er á ábyrgð sviðsins síðan 1. mars síðastliðinn. Þetta umfangsmikla verkefni verður ekki unnið svo vel sé nema í náninni samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar.

Stoðsvið sinnir fræðslu- og kynningarstarfi, eflir innri verkferla og leitast við að veita starfsfólki og þeim sem leita til embættisins góða þjónustu. Helstu áherslur sviðsins varða innra öryggis- og gæðastarf, útgáfu og vefsetur, auk skjalavörslu, en mikilvægt er að tryggja skilvirka ferla við umsýslu bréfa og annars sem berst embættinu. Nýr vefur er í burðarliðnum með gjörbreyttri uppbyggingu á efnisflokkum og leitarmöguleikum, en gestir eru um 18.000 á mánuði með um 80-85.000 síðuflettingum.

Embætti landlæknis og starf þess hefur á liðnum misserum verið mjög í brennidepli fjölmiðla og til umræðu á bloggsíðum. Það ber vott um mikilvægi verkefna embættisins. Starfsfólkið mun hér eftir sem hingað til leggja sig fram við að sinna verkefnum sínum af fagmennsku, einlægni og alúð og málefnaleg gagnrýni hvetur okkur til dáða. Allar ábendingar um það sem má betur fara eru skoðaðar með opnum huga og reynt að leita lausna. Endurskipulagning stofnunarinnar er ein varða á þeirri vegferð að gera embættið betur fært um að sinna fjölbreyttum verkefnum og standa undir réttmætum væntingum sem til þess eru gerðar.

Directorate of Health following a merger

Geir Gunnlaugsson:
Chief Medical Officer for Iceland